



Mannréttindaskrifstofa
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2026
MSS26060012

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 2.6.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um stofnun öldungaráðs

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna öldungaráð. Ráðið fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Ráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra. Ráðið skal skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara þar sem borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Ráðið verður í flokki II skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Forsætisnefnd er falið að vinna samþykkt fyrir ráðið, sem skal lögð fram til afgreiðslu á fyrsta fundi borgarstjórnar í september.

Samþykkt. MSS26060012

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstrisins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýr og öflugur samvinnuvettvangur fjölbreyttra hópa var skapaður í nýju mannréttindaráði þar sem eldra fólk, fatlað fólk og innflytjendur áttu sæti. Ráðið fór meðal annars með hlutverk öldungaráðs Reykjavíkur þar sem fulltrúar þriggja samtaka áttu sæti, frá Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, Samtökum aldraðra og U3A Reykjavík sem eru samtök fólks á þriðja æviskeiðinu. Með tillögu Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins er horfið frá þessu þar sem einungis fulltrúar frá Félagi eldri borgara munu eiga sæti í ráðinu fyrir hönd eldri borgara. Mikilvægt er að vanda vel til verka og fara vel yfir það sem vel gekk í mannréttindaráði áður en næstu skref eru útfærð.



Reykjavík



Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Forsætisnefnd